



# Sigurður Örlygsson

MYNDLISTARSÝNING Á KJARVALSSTÖÐUM  
15. NÓV. — 30. NÓV. 1986

x 2

x

Í list Sigurðar Órlygssonar hefur ávallt gætt ákveðinnar tilhneigingar til völdugra vinnubragða. Stærðir skipta hann meiru en flesta listamenn á hans reki og myndefni hans hefur lengi snúist um áherslur þenslu og krafta. Hjól og blakkir voru með fyrstu sýnilegu táknumum sem Sigurður tók að veita inn í óhlutbundna myndgerð sína.

Í fyrstu þjónuðu þessi hringlaga form eingöngu myndrænu hlutverki, þótt greina mætti ákveðna íróniú að baki þeim, svipaða þeirri sem fram kom í dadaískum vélaverkum Francis Picabia. Seinna kom í ljós að þeim var ætlað að vera hreyfiafl í sjálfri myndbyggingunni. Þau urðu ekki einasta upphleypt, heldur gegndu hlutverki burðarása og vogaskála, sem tvívíðar og þrívíðar línur verksins snerust um.

Um svipað leyti urðu þáttaskil í aðferðum Sigurðar. Skörp skipting flata með afmörkuðu og jafngildu litaspili, þokaði fyrir frjálstri og blæbrigðaríkri tjáningu. Flöturinn varð nánast einn og óskiptur, litir mettaðir og áferð breyttist úr sléttri í ójafna. Þessi vending frá harðsoðnum aðferðum til mildari hófst með fremur smágerðri myndröð af beygluðum reiðhjólum og lágmyndum af tallum og pappakössum.

Ef gætt hefur varfærni í list Sigurðar meðan á umskiptunum stóð og nýsköpunin var í deiglu, ryðst hann nú fram á völlinn með uppskeruna fullþroskaða. Það eru stór málverk unnin með miklum tilþrifum og óþvinguðum krafti. Mörg þeirra eru skotin höggmyndrænum atriðum sem ganga út úr myndfletinum, brjóta upp ferhyrndan rammann og leika lausum hala umhverfis málverkið.

Togstreytan milli tvívíðra og þrívíðra þátta í þessum verkum, er meiri en nokkru sinni. Hún er aukin með köðlum og stálvírurum sem halda öllum upphleyptum atriðum í „ótryggu“ ástandi stundarjafnvægis. Áhorfandinn hefur á tilfinningunni að slitni kaðallinn eða vírinn, hrynji allt í spað. Sigurði hefur nú tekist að skapa þá þenslu og spennu sem hann sóttist eftir, þegar hann í upphafi fór að fást við táknumál kraftafræðinnar.

Ef til vill hefur þó mest breyting átt sér stað í gerð sjálfs myndflatarins. Í stað hins sléttta og fellda yfirborðs fyrri verka, er komin hrjúf og margslungin áferð, sem byggð er á margföldu lagi af málningu og notkun alls

kyns efna. Sigurður kannar hispurslaust ýmsa möguleika undir- og yfir-málunar, flæðis og þykkar. Afleiðingin er líkust upphleyptu landabréfi með endalausum tilbrigðum.

Eitt lagið gægist undan öðru og hverfur svo jafnharðan í endalausum samspili sibreytilegra tóna. Að baki má greina ákveðna tígullaga grunnstaðla, sem stundum gægjast upp á yfirborðið og mynda einfalt formspil. Í öðrum verkum eru þeir faldir, svo áhorfandinn greinir þá varla. Þessi blæbrigði í áferð og litum krefjast þess að gengið sé upp að verkinu, en ekki einvörðungu látið staðar numið í fjarska.

En þrátt fyrir stakkaskiptin sem orðin eru á list Sigurðar, leynd sér ekki tengslin við það sem á undan er gengið. Það sem einfaldlega hefur gerst er að listamaðurinn hefur hlutgert táknumál sitt á áþreifanlegan hátt. Sú þensla krafta og togstreytu sem listamaðurinn lét sér nægja að ýja að og bregða upp á tvívíðum fleti, stendur nú fullsköpuð í raunverulegt efni. Teikningin er orðin að málverki sem stefnir óðfluga í átt til höggmynda.

HALLDÓR BJÖRN RUNÓLFSSON





Neró, 1986



Hvert flugu krákurnar? 1986



## MYNDASKRÁ

1. Hernaðarleyndarmál óskast
2. Neró
3. Kvöldstund með listamanni
4. Hvert fór helvítis kerlingin?
5. Taugaspennir
6. Vafasöm aðgerð
7. Flúið burt úr myndinni
8. Ugly sat
9. Bónorð pappakassans
10. Annarleg sjónarmið
11. Hver klippir á borðann
12. Við landamærin
13. Hvert flugu krákurnar?
14. Framtíðarsýn fjórðu hæðar
15. Rauðhólaundrið

Myndirnar eru allar unnar á þessu ári.

Sigurður Örlýgsson, fæddur 28. júlí 1946 í Reykjavík.

### NÁM:

Myndlista- og handíðaskóli Íslands 1967–1971  
Det Kongelige Danske Kunstakademi 1971–1972  
hjá professor Richard Mortensen.  
Art Students League of New York 1974–1975

### HELSTU SÝNINGAR:

Unuhús 1971  
Norræna húsið 1972  
Norræna húsið 1976  
Gallerí Sólon Íslandus 1972  
Kjarvalsstaðir 1978  
Djúpið 1981  
Ásmundarsalur 1984  
Kjarvalsstaðir 1986,  
auk þátttöku í mörgum samsýningum.

Meðlimur í FÍM frá árinu 1973.

Í sýningarnefnd 1976 og frá 1981–1983.

Formaður sýningarnefndar frá 1983–1984.

Formaður FÍM 1984–1985.

Meðlimur í Listmálarafélaginu 1982–1983.

Einn af stofnendum og eigendum Gallerí Sólon Íslandus 1976–1978 og  
Gallerí Gangskör 1986.

Kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 1981



**SIGURÐUR ÖRLÝGSSON**  
LAUGAVEGI 140 REYKJAVÍK. SÍMI 22660.

Ljósmyndir: Kristján Magnússon.  
Prentun: Grafík.  
Setning: Leturval ef.